

Líkamsvirðing, verkefnið um Blæ

Verkefnið fór af stað eftir að einn kennari hafði komið með litla dóta af beinagrind í samverustund til að sýna börnunum. Umræður urðu í kjölfarið um nöfn beinanna sem og að við værum öll með jafnmörg bein í líkamanum okkar. Upp frá því kviknaði forvitni barnanna um líkama sinn sem varð að eftirfarandi vinnu.

Ákveðið var að gera beinagrind í fullri stærð og setja á hana það sem þarf til að skapa manneskju. Kennararnir notuðu myndvarpa til þess að kasta beinagrindaglæru upp á vegg og börnin hjálpuðust að við að draga beinagrindina upp á blað. En hvað fleira áttum við öll sameiginlegt? Börnin urðu sammála um að allir væru með maga, heila, lungu, hjarta, æðar og auðvitað húð. Þau skoðuðu líffærin í bókum og á netinu með kennurunum og úbjuggu svo líffæri til að setja innan í beinagrindina. Að lokum fundu þau gulleitt efni sem þau vildu nota sem húð og festu þau lag af henni yfir grindina og notuðu pappadisk til þess að hafa sem höfuð. Þegar „manneskjan“ var tilbúin og börnin áttu bara eftir að setja hana í föt, vandaðist málið. Hvort var þetta stelpa eða strákur? Miklar umræður áttu sér stað innan barnahópsins, stelpurnar vildu hafa hana sem stelpu en strákarnir vildu að hún væri strákur. Einn drengjanna (5 ára) kom þá fram með snilldarhugmynd um að þau skiptu henni til helminga. „Manneskjan“ yrði stelpa hægra megin og strákur vinstra megin og sættust öll börnin á þessa tillögu. Börnin hófust þá handa við að búa til föt á manneskjuna úr efnisbútum og unnu þau það allt í sameiningu. Hári var skellt á hana og settu þau sítt bleikt glimmer hár hægra megin en stutt svart vinstra megin. Útkoman var mjög skemmtileg og hugmyndir barnanna afdráttarlausar um það hvernig þau sjá fyrir sér karlkyn og kvenkyn. Þegar „manneskjan“ var tilbúin að mati barnanna spurðu kennararnir börnin hvað hún ætti eiginlega að heita. Eftir nokkrar vangaveltur stakk ein stúlka (5 ára) upp á því að hún ætti heita Blær því að það væri bæði stráka- og stelpunafn og voru börnin hin ánægðustu með þá uppástungu.

Það var gaman fyrir okkur kennarana að fylgjast með þróunni í samræðum barnanna á meðan á þetta ferli stóð yfir. Í byrjun verkefnisins var umræðan mest á þá leið að líkamar okkar væru svo til eins þ.e. að við værum öll eins uppbyggð að innan þó að sumir væru litlir og aðrir stórir. Það var svo ekki fyrr en þegar kom að klæða „manneskjuna“ sem að þau fóru að velta kynferði og staðalímyndum fyrir sér. Eitt af því skemmtilegasta við þetta verkefni fannst okkur kennurunum að sjá og heyra hugmyndir barnanna um kynin og hversu opin og lausnamiðuð þau voru. Í þeirra huga var ekkert eðlilegra en að tvö kyn væru saman í einum líkama. Framtíðin er björt!

Höfundar verkefnisins eru:

Leikskólabörnin í Bergi, leikskólanum Tröllaborgum á Akureyri f. 2015 og 2016.

Kennarar:

Sigríður Fossdal

Rut Viktorsdóttir


Óli Steinar Sólmundarson

Lovísa Jónsdóttir

Berglind Róbertsdóttir



UPPHAFID



BEINAGRINDIN DREGIN UPP



TEIKNADARÆÐAR




HÚÐIN SNIDIN AÐ GRINDINN



LÍFFÆRIN ÚTBÚIN



UMRÆÐUR UM
STAÐSETNINGU LÍFFÆRANNA



BÚID AÐ KOMA
LÍFFÆRUNUM
FYRIR OG SETJA HÚÐ YFIR



NÆST VAR AÐ GERA HÖFUÐID



Á ÞESSUM TÍMAPUNKTI
FÖR KYN
BEINAGRINDARINNAR
AÐ SKIPTA BÖRNIN MÁLI



VIÐ TÓK FATAHÖNNUN BARNANNA



AÐ LOKUM KLÆDDU BÖRNIN BLÁ Í FÖTIN SEM PAU ÚTBJUGGU



BLÆR TILBÚIN / TILBÚINN

